MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi nefndasvið
v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. apríl 2021.

**Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála (réttarstaða brotaþola, fatlaðra og aðstandenda), þskj. 1197, 718. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist framangreint frumvarp til umsagnar. Lýsir skrifstofan ánægju með þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á lögum um meðferð sakamála enda skref stigið í þá átt að bæta stöðu brotaþola, fatlaðs fólks og aðstandenda í réttarkerfinu. En frekari útbóta er þörf og í því sambandi vísar skrifstofan til sameiginlegrar umsagnar Aflsins, Kvenfélagasambands Íslands, Kvennaathvarfsins, Kvennaráðgjafarinnar, Kvenréttindafélags Íslands, Rótarinnar, Stígamóta og UN Women á Íslandi sem og umsagnar Dr. Hildar Fjólu Antonsdóttur sem skilað var í samráðsgátt stjórnvalda þegar drög að frumvarpi þessu voru þar til umsagnar.

Skrifstofan fyrir og sér hvort nóg sé að gert varðandi fólk með þroskahömlun eða ýmsar raskanir, til dæmis hvað varðar viðeigandi aðlögun, viðtalstækni o.fl. og vísar til umsagnar Landssamtakanna Þroskahjálpar um frumvarp þetta.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir

framkvæmdastjóri

Túngata 14, 1. hæð – 101 Reykjavik - Iceland
Símar/Phone + 354 552 27 20 –
Netfang/ E-mail: info@humanrights.is